



Dalapósturinn

1. tölublað, 7. árgangur
21. janúar 2014

Silfurtún

Eldri borgarar eiga þess kost að kaupa heitan mat í hádeginu á Silfurtúni. Hægt er að velja um að borða í matsal með íbúum eða að sækja matinn og taka með sér heim í bökkum. Hægt er að skrá sig í fæði ákveðna daga vikunnar.

Nánari upplýsingar og skráning er hjá Eyþóri Gíslasyni í síma 898 1251, netfang silfurtun@dalir.is.

Leifsbúð – upplýsingamiðstöð - tjaldsvæði

Dalabyggð auglýsir eftir aðilum sem kunna að hafa áhuga á að taka að sér rekstur Leifsbúðar, upplýsingamiðstöðvar og/eða tjaldsvæðis í Búðardal.

Áhugasamir hafi samband við sveitarstjóra á skrifstofu Dalabyggðar eða með tölvupósti á netfangið sveitarstjori@dalir.is

Þrif í Dalabúð

Dalabyggð óskar eftir aðila til að taka að sér þrif í Dalabúð eftir samkomur. Getur hentað einstaklingi eða félagasamtökum.

Áhugasamir hafi samband við sveitarstjóra á skrifstofu Dalabyggðar.

Fasteignagjöld 2014

Innheimta

Fasteignagjöldin verða innheimt með rafrænum greiðslu-seðlum sem hægt er að greiða í netbanka. Gjaldendum er bent á þann möguleika að láta viðskiptabanka sinn sjá um beingreiðslur á fasteignagjöldum.

Fjöldi gjalddaga er almennt 6. Sá fyrsti er 5. febrúar og sá síðasti 5. júlí. Ef heildargjöld greiðanda eru undir kr. 12.000 þá er einungis einn gjalddagi, 5. apríl. Ef heildargjöld greiðanda eru lægri en 250 kr. eru þau ekki innheimt.

Veittur er **5% staðgreiðsluafsláttur** séu öll gjöld greidd í síðasta lagi 15. febrúar.

Nánari upplýsingar um staðgreiðsluafslátt, bankarreikning og innheimtu veitir Ingibjörg Jóhannsdóttir bókari í síma 430 4700 kl. 9-13. Einnig má senda fyrirspurn á netfangið ingibjorgjo@dalir.is.

Eindagi fasteignagjalda er 30 dögum eftir gjalddaga. Ef fasteignagjöldin eru ennþá ógreidd mánuði eftir eindaga verða þau send í innheimtu.

Álagning

Álagningarseðla fasteignagjalda má nálgast rafrænt (pdf-skjöl) á þjónustusíðu opinberra aðila **www.island.is**. Íbúar 67 ára og eldri fá þá senda í pósti og einnig þeir sem þess óska sérstaklega.

Aðgangur að Island.is er Íslykill (kennitala og lykilorð útgefið af þjóðskrá) eða rafræn skilríki.

Nánari upplýsingar og aðstoð má fá á skrifstofu Dalabyggðar kl. 10-14, í síma 430 4700 kl. 9-13 eða með því að senda fyrirspurn á netfangið dalir@dalir.is.

Álagður fasteignaskattur er

- a) 0,50% af álagningarstofni íbúðarhúsa, útihúsa og sumarbústaða ásamt lóðarleiguréttindum og jarðeigna.
- b) 1,32% af álagningarstofni opinbers húsnæðis.
- c) 1,50% af álagningarstofni allra annarra fasteigna og lóða.

Lóðaleiga

- a) íbúðarhúsnæðis er 1,70% af fasteignamati lóðar.
- b) atvinnuhúsnæði er 2,00% af fasteignamati lóðar.

Afsláttur ellilífeyrisþega og öryrkja

Ellilífeyrisþegar, með lögheimili og búsetu í Dalabyggð, njóta afsláttar af fasteignaskatti og holræsagjaldi sem lagt er á íbúðarhúsnæði í eigu viðkomandi enda hafi hann þar búsetu. Afslátturinn er tekjutengdur (Skattframtal 2012, tekjur 2011).

Við ákvörðun afsláttar skulu notaðar eftirfarandi viðmiðanir:

Einstaklingar			Hjón / sambýlisfólk		
Tekjur kr.		Afsláttur	Tekjur kr.		Afsláttur
Allt að	2.190.000	100%	Allt að	3.614.000	100%
Allt að	2.409.000	75%	Allt að	3.975.000	75%
Allt að	2.628.000	50%	Allt að	4.337.000	50%
Allt að	2.847.000	25%	Allt að	4.698.000	25%

Skrifstofa Dalabyggðar

Skrifstofa Dalabyggðar er opin virka daga kl. 10-14. Símatímar eru kl. 9-13.

Héraðsbókasafn Dalasýslu

Bókasafnið hefur fengið nýtt símanúmer **430 4720**

Opið er á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 13-18.

Sælingsdalslaug

Opnunartímar eru á þriðjudögum kl. 17-20, miðvikudögum kl. 17-20 og fimmtudögum kl. 17-19. Sérstaklega er opið fyrir eldri borgara á þriðjudögum kl. 15:30-17.

Endurvinnslan

Endurvinnslustöðin í Búðardal er opin á þriðjudögum kl. 15-18, fimmtudögum kl. 15-18 og laugardögum kl. 11-14.

Atvinnuráðgjafi SSV

Ólafur Sveinsson atvinnuráðgjafi SSV verður með viðveru í Búðardal 4. febrúar, 4. mars, 1. apríl og 6. maí.

Auk þess má alltaf panta heimsókn frá atvinnuráðgjafa utan auglýsts viðverutíma. Síminn á skrifstofu er 433 2310.

Félagsþjónusta

Föst viðvera félagsráðgjafa er í Stjórnsýsluhúsi Dalabyggðar, Miðbraut 11, Búðardal fyrsta og þriðja þriðjudag hvers mánaðar frá kl 13 til 16. Beinn sími í fastri viðveru er 430 4708 eða 898 9222.

Skrifstofa félagsmálastjóra Borgarbyggðar er á Borgarbraut 14 í Borgarnesi. Síminn er 433 7100 og fax 433 7101.

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur
